# Jón Árnason þingmaður sextugur

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Ræður – Afmæli – Jón Árnason – 60 ára

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður
Askja 4-5, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Jón Árnason var orðinn fimtugur maður þegar hann tók fyrst sæti á Alþingi. Hann hafði alt frá æskuárum verið forvígismaður í marghátttuðum félagsmálum í héraði og umsvifamikill atvinnurekandi á Akranesi. Engu að síður var honum óvenju mikill vandi á höndum þegar á Alþingi kom. Fæstir gátu í rauninni hugsað sér Alþingi án fyrirrennara hans, Péturs Ottesens, sem setið hafði þar öllum öðrum lengur, verið manna atkvæðamestur og enn í fullu fjöri. Það var því ekki heiglum hent að koma í hans stað. En Pétur vissi gjörla hvað hann var að gera, þegar hann beitti sér fyrir kosningu Jóns Árnasonar.

Jón er tvímælalaust í hópi nýtustu þingmanna. Hann blandar sér ekki að óþörfu í önnur mál en þau, sem hann hefur nána þekkingu á. En því meira mark er tekið á tillögum hans, þar sem hann beitir sér og þá ekki síst í sjávarútvegsmálum og sveitarstjórnarefnum. Einkanlega hefur Jón þó orðið atkvæðamikill í áhrifamestu nefnd þingsins, fjárveitinganefnd. Hin síðari ár hefur hann verið formaður hennar og framsögumaður meirihlutans um

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fjárlagafrumvarpið. Þessi störf hafa farið þannig úr hendi, að Jóni er til mikillar sæmdar. Fer ekki á milli mála, að Jón Árnason er einn þeirra, sem vex með hverjum vanda.

Jón hefur ekki einungis reynst ágætur starfsmaður á Alþingi heldur hefur hann einnig gengt þingmannsskyldum utan þinghússins af mikilli alúð. Hann er óþreytandi að ferðast um kjördæmi sitt til að kynnast þar mönnum og málefnum. Þær munu fáar flokks-samkomur í Vesturlandskjördæmi, sem Jón Árnason hefur ekki komið á, og ef maður á leið um héraðið er það ósjaldan, að Jón sézt þjóta framhjá í einhverjum erindagerðum fyrir héraðsbúa.

Þeir eru því áreiðanlega margir, sem taka undir innilegar hamingjuóskir til Jóns Árnasonar og fjölskyldu hans á sextugsafmælinu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Árnason var orðinn fimtugur maður þegar hann tók fyrst sæti á Alþingi. Hann hafði alt frá æskuárum verið forvígismaður í marghátttuðum félagsmálum í héraði og umsvifamikill atvinnurekandi á Akranesi. Engu að síður var honum óvenju mikill vandi á höndum þegar á Alþingi kom. Fæstir gátu í rauninni hugsað sér Alþingi án fyrirrennara hans, Péturs Ottesens, sem setið hafði þar öllum öðrum lengur, verið manna atkvæðamestur og enn í fullu fjöri. Það var því ekki heiglum hent að koma í hans stað. En Pétur vissi gjörla hvað hann var að gera, þegar hann beitti sér fyrir kosningu Jóns Árnasonar.

Jón er tvímælalaust í hópi nýtustu þingmanna. Hann blandar sér ekki að óþörfu í önnur mál en þau, sem hann hefur nána þekkingu á. En því meira mark er tekið á tillögum hans, þar sem hann beitir sér og þá ekki síst í sjávarútvegsmálum og sveitarstjórnarefnum. Einkanlega hefur Jón þó orðið atkvæðamikill í áhrifamestu nefnd þingsins, fjárveitinganefnd. Hin síðari ár hefur hann verið formaður hennar og framsögumaður meirihlutans um

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fjárlagafrumvarpið. Þessi störf hafa farið þannig úr hendi, að Jóni er til mikillar sæmdar. Fer ekki á milli mála, að Jón Árnason er einn þeirra, sem vex með hverjum vanda.

Jón hefur ekki einungis reynst ágætur starfsmaður á Alþingi heldur hefur hann einnig gengt þingmannsskyldum utan þinghússins af mikilli alúð. Hann er óþreytandi að ferðast um kjördæmi sitt til að kynnast þar mönnum og málefnum. Þær munu fáar flokks-samkomur í Vesturlandskjördæmi, sem Jón Árnason hefur ekki komið á, og ef maður á leið um héraðið er það ósjaldan, að Jón sézt þjóta framhjá í einhverjum erindagerðum fyrir héraðsbúa.

Þeir eru því áreiðanlega margir, sem taka undir innilegar hamingjuóskir til Jóns Árnasonar og fjölskyldu hans á sextugsafmælinu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur